



## Úlfljótur, blað laganema, kynning.

---

Bjarni Benediktsson – Stjórnámál – Dómsmála- og Utanríkisráðherra – Úlfljótur – Blað laganema –  
Kynning – 1950

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

---

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360  
Stjórnámálamaðurinn  
Askja 2-11, Örk 3

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Háskólanum í marz 1950.

Heiðraði herra.

Ég sendi yður þessar línur í nafni *Úlfljóts*, blaðs laganema. Vona ég, að yður endist þolinmæði til að lesa bréf þetta til síðasta stafs.

Innan skamms mun yðar berast 1. og 2. tbl. 4. árgangs. Hefir yður þá verið sendur 3½ árgangur eða 14 blöð alls. Frá því fyrsta hefir blaðið þannig verið sent til allra löglærðra manna hérlendis, þeirra er til hefir náðst. Ekki hefir það verið gert að skilyrði, að í staðinn kæmi greiðsla. Fyrst þurfti að staðreyna það, að *Úlfljótur* ætti erindi út fyrir vegg Hákólans, að hann yrði með þökkum þeginn víðar en í hópi laganema einna.

Með þetta fyrir augum settu forvígismenn *Úlfljóts* sér það takmark, að birt yrði í framtíðinni a. m. k. ein fræðigrein lögfræðilegs efnis í hverju hefti blaðsins. Um þetta segir svo m. a. í 1. hefti: „... En auk þess mun í blaðinu verða fróðleikur og gaman öllum þeim, er um lögfræði hugsa og lögvísindum unna. Verður kostað kapps um að birta í hverju hefti blaðsins minnst eina fræðigrein lögfræðilegs efnis eftir lærdustu lagamenn þjóðarinnar ...“

Ef við horfum um öxl yfir farinn veg, sézt að vonum frammar hefir þetta fyrirheit verið haldið. Í 12 heftum blaðsins hafa þannig birt alls 16 greinar um lögfræðiefni. Meðal höfundanna eru tveir dómáram í Hæstarétti, allir próffessorar lagadeildarinnar svo og prófdómáram, sakadómáram og lögreglustjóram í Reykjavík. Í 4. árgangi er í ráði að birtist greinar eftir tvo hæstaréttardómáram. Ennfremur hafa greinar verið falaðar hjá ýmsum öðrum, en undirtektir eru misjafnar og því miður víðast daufar.

Það er okkur aðstandendum *Úlfljóts* mikið keppikefli að geta haldið áfram á þeirri braut, sem þegar er mörkuð. Sem betur fer er ekki ástæða til að örvænta um hag *Úlfljóts* og framtíð. Blaðið virðist hafa áunnið sér þær vinsældir að það hljóti að eiga langa og bjarta framtíð fyrir sér.

Með þessum línum vildi ég samt skýra fyrir yður þessi tvö höfuðvandamál útgáfunnar, efnisskortinn og féleysið. — Margir hafa orðið til þess að rétta blaðinu fjárhagslegan stuðning. Þær sendingar hafa orðið mikil hjálp, og það hefir glatt aðstandendum blaðsins að finna þannig, að starf þeirra hefir verið einhvers metið. En enn er langt í land. Þrjár fyrstu árgangar blaðsins kostuðu kr. 19.955,51. Upp í þann kostnað hafa blaðinu borizt kr. 1885,36 frá lögfræðingum og kr. 1500,00 frá Lögmannafélagi Íslands eða alls kr. 3385,36. Orator hefir lagt úr félagssjóði um 6000,00, en auglýsingatekjur hafa verið um 10.000,00. — Nú er svo komið, að mjög erfitt er að afla auglýsinga, enda er nú báðum innri kápusiðum blaðsins ráðstafað undir fastar smáauglýsingar og fást um kr. 1000,00 á ári fyrir þær tvær síður, en um 800,00 fyrir baksíðuna. Augljóst er, að auglýsingatekjur hljóta að rýrna að mun. Orator hefir að óbreyttum fjárhag ekki efni á að hlaupa enn frekar undir bagga og bæta upp þann tekjumissi. Mér sýnist þá aðeins ein lausn nærtæk og vil því vitna í hið sigilda rússagildisljóð eftir Rjóh:

„Að peningarnir eyðast og flýja okkur frá  
er ferlegast af öllu böli voru.

En vertu bara kjóftugur og slyngur við að slá,  
þá slæðist til þín fimmkall öðru hvoru.“

Ég hefi sem sé í huga, hvílik trygging það væri fyrir framtíð *Úlfljóts*, ef til hans slæddist „fimmkall“ öðru hvoru. Ef allir þeir, sem fá blaðið heimsent, gerðu sér að vana að senda „fimmkall“ í staðinn, yrðu þeir hinir sömu 20 kr. fátækari eða svo eftir árið, en *Úlfljótur* yrði um 4000 kr. ríkari! — Er þetta til of mikils mælt?

Enn eru til nokkur eintök af fyrri tbl. öllum, nema 1. hefti 1. árgangs. Ef yður kynni að vanta blöð úr 1.—3. árg., bið ég yður að láta okkur vita hið fyrsta, svo að úr því sé hægt að bæta.

Ef þolinmæðin er ekki löngu þrotin, og þér skylduð enn vera að lesa línur þessar, kveð ég yður með virðingu.

*Jón Inguvason.*